



Afkoma fyrsta ársfjórðungs 2023

Íslandsbanki hf.



HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU

Helstu atriði í afkomu fyrsta ársfjórðungs 2023 (1F23) – sterk rekstrarniðurstaða í krefjandi markaðsumhverfi

- Hagnaður af rekstri Íslandsbanka nam 6,2 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi (1F22: 5,2 ma. kr.). Arðsemi eigin fjár var 11,4% á ársgrundvelli (1F22: 10,2%) sem er yfir fjárhagslegum markmiðum bankans. Helstu ástæður góðrar afkomu eru sterk tekjumyndun sem vegur upp á móti hækkun kostnaðar.
- Hreinar vaxtatekjur jukust um 34,9% á milli ára og námu 12,4 ma. kr. á 1F23 samanborið við 9,2 ma. kr. á 1F22. Hækkunin á milli ára skýrist að mestu af hærra vaxtaumhverfi og stækkun inn- og útlánasafns bankans. Vaxtamunur á heildareignir nam 3,2% á 1F23 samanborið við 2,6% á 1F22.
- Hreinar þóknunatekjur jukust um 13,2% á milli ára og námu samtals 3,5 ma. kr. á 1F23 samanborið við 3,1 ma. kr. á 1F22. Tekjur af kortum og greiðslumiðlun og þóknunatekjur hjá Allianz Ísland hf., dótturfélagi bankans, eru áfram þeir liðir sem leiða hækkunina.
- Kjarnastarfsemi gegnir eftir sem áður lykilhlutverki í tekjustreymi bankans og á 1F23 námu vaxta- og þóknunatekjur samanlagt 95% af rekstrartekjum (97% á 1F22). Þessir tveir tekjuliðir jukust um 29,5% á milli 1F23 og 1F22.
- Hreinar fjármunatekjur námu 538 m.kr. á 1F23, samanborið við fjármunakostnað að fjárhæð 95 m.kr. á 1F22 sem skýrist að mestu leyti af hreyfingum á vaxtaferlum í íslenskum krónum og erlendum myntum.
- Stjórnunarkostnaður nam 7,0 ma. kr. á 1F23 samanborið við 5,8 ma. kr. á 1F22, sem er talsverð hækkun milli ára, eða sem nemur 20,7%. Hækkunin skýrist að mestu af samningsbundnum launahækkunum, stefnumótandi verkefnum, auknum umsvifum Allianz Ísland hf. og mikilli verðbólgu. Hluti aukins kostnaðar á fjórðungnum ætti að jafnast út yfir árið, eða jafnast á móti auknum tekjum.
- Kostnaðarhlutfall bankans var 42,1% á 1F23 og er innan markmiða bankans um kostnaðarhlutfall á bilinu 40-45% og lækkar úr 47,6% á 1F22. Sterk tekjumyndun vegur að hluta til á móti auknum kostnaði.
- Gjaldfærð virðisrýrnun nam 675 m.kr. á 1F23 og skýrist að mestu af stækkun lánasafnsins. Á 1F22 var virðisrýrnun jákvæð um 483 m.kr. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var +0,22 prósentustig á ársgrundvelli á 1F23 samanborið við -0,17 prósentustig á 1F22.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 32,4 ma. kr. á fjórðungnum, eða um 2,7% og voru 1.219 ma. kr. í lok fyrsta ársfjórðungs 2023.
- Aukning var á innlánnum frá viðskiptavinum um 10,2 ma. kr. á fjórðungnum eða um 1,3% og voru 800,1 ma. kr. í lok fyrsta ársfjórðungs, aukningin kom aðallega frá viðskiptavinum Einstaklingsviðs.
- Eiginfjár- og lausafjárstaða bankans er áfram sterk og voru öll hlutföll vel yfir innri viðmiðum bankans og kröfum eftirlitsaðila.
- Eigið fé bankans nam 210,4 ma. kr. í lok fjórðungsins samanborið við 218,9 ma. kr. í lok árs 2022. Bankinn greiddi alls um 12,3 ma. kr. í arð til hluthafa á fyrsta ársfjórðungi 2023. Eiginfjárhlutfall bankans var 23,2% í lok 1F23, samanborið við 22,2% í árslok 2022. Samsvarandi eiginfjárhlutfall almenns þáttar 1 (CET1) var 19,9%, samanborið við 18,8% í árslok 2022. Uppfært viðmið bankans um eiginfjárhlutfall almenns þáttar gerir ráð fyrir 100-300 prósentustigum í eiginfjáruka umfram kröfur eftirlitsaðila.
- Bankinn fyrirhugar að halda áfram með fimm milljarða endurkaup á eigin bréfum á komandi mánuðum, og ljúka bestun efnahagsreiknings fyrir lok árs 2024, með fyrirvara um aðstæður á mörkuðum.



Lykiltölur

		1F23	4F22	3F22	2F22	1F22
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	6.211	5.982	7.486	5.880	5.187
	Arðsemi eigin fjár	11,4%	11,1%	14,4%	11,7%	10,2%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	3,2%	3,1%	3,0%	2,9%	2,6%
	Kostnaðarlutfall ¹	42,1%	42,5%	36,3%	42,7%	47,6%
	Áhættukostnaður útlána ²	0,22%	0,22%	(0,40%)	(0,20%)	(0,17%)
		31.3.23	31.12.22	30.9.22	30.6.22	31.3.22
EFNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.218.999	1.186.639	1.153.047	1.153.677	1.107.893
	Eignir samtals, m.kr.	1.551.530	1.566.235	1.548.672	1.437.253	1.446.355
	Áhættuvegnar eignir, m.kr.	1.004.978	999.491	1.012.986	992.883	945.321
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	800.071	789.897	781.614	756.862	761.471
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	152%	150%	148%	152%	145%
	Hlutfall lána með laskað láns hæfi ³	1,7%	1,8%	1,7%	1,8%	1,8%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	115%	118%	127%	118%	123%
	Lausafjárhlutfall (LCR), allir gjaldmiðlar	171%	205%	371%	147%	195%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr	210.385	218.874	211.613	203.662	197.201
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar ⁴	19,9%	18,8%	18,2%	18,2%	18,8%
	Eiginfjárlutfall þáttar ⁴	20,8%	19,8%	19,2%	19,2%	19,9%
	Eiginfjárlutfall ⁴	23,2%	22,2%	21,4%	21,5%	22,5%
	Vögunarhlutfall ⁴	12,9%	12,1%	11,9%	12,5%	12,4%

1. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður + framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta – einskisliðir) / (heildarrekrartekjur – einskisliðir).

2. Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisrýnnunarsjóði.

3. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

4. Að meðtöldum 1F23 hagnaði fyrir 31.3.23, 3F22 hagnaði fyrir 30.9.22 og 1F22 hagnaði fyrir 31.3.22

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

Við erum ánægð með afkomu Íslandsbanka á fyrsta ársfjórðungi 2023. Verkefnin hafa verið fjölbreytt og spennandi í upphafi árs þó alþjóðamarkaðir hafi sjaldan verið jafn krefjandi. Hagnaður fyrsta ársfjórðungs nam 6,2 ma. kr. og var arðsemi eigin fjár 11,4%, sem er yfir fjárhagslegum markmiðum bankans. Tekjur bankans á árinu jukust um 32,6% miðað við sama fjórðung í fyrra og nam vöxtur í hreinum vaxtatekjum tæpum 35% miðað við fyrsta ársfjórðung 2022. Stjórnunarkostnaður jókst talsvert á fjórðungnum, miðað við sama ársfjórðung í fyrra, en hækkunin nam 20,7% miðað við 1F22. Hækkunin skýrist helst af auknum launakostnaði, sem stafar að hluta til af samningsbundnum launahækkunum og tilfallandi kostnaði. Sterk tekjumyndun á ársfjórðungnum leiðir til þess að kostnaðarlutfallið var 42,1%, sem er innan fjárhagslegra markmiða bankans. Útlán til viðskiptavina jukust um 2,7% og nam aukning í innlánnum viðskiptavina rúmum 10 milljörðum króna frá áramótum.

Endurkaupaáætlun var hleypt af stökkunum á fjórðungnum, í samræmi við heimild aðalfundar árið 2022 um kaup á eigin bréfum. Á tímabilinu frá febrúar fram til 15. mars keypti bankinn eigin hluti fyrir rúmar 900 milljónir króna. Þau endurkaup eru hluti af allt að fimm milljarða króna endurkaupum á eigin bréfum sem bankinn hafði áður tilkynnt um. Er það hluti af bestun á eigin fé bankans sem ráðgert er að ljúki fyrir lok árs 2024, með fyrirvara um aðstæður á mörkuðum. Heimild til kaupa á eigin hlutum var endurnýjuð á aðalfundi bankans í mars síðastliðnum. Á aðalfundi bankans var einnig ákveðið að greiða samtals um 12,3 milljarða í arð til hluthafa.

Ný stefna bankans var samþykkt af stjórn í mars síðastliðnum. Stefnan var unnin í nánu samstarfi við starfsfólk þvert á bankann. Samkvæmt nýrri stefnu verður hlutverk Íslandsbanka áfram að vera hreyfiafl til góðra verka, með því að skapa virði til framtíðar með viðskiptavinum okkar. Árangursrík innleiðing fyrri stefnu skilaði miklum innri vexti og þar voru tekin markviss skref í átt að aukinni arðsemi eigin fjár. Yfirskrift stefnuáhersla næstu tveggja ára er „Sókn og vöxtur“, sem vísar ekki sist til þess að bankinn horfi jafnt til tækifæra utan bankans sem og innan hans til vaxtar.

Yfirstandandi viðræður við Kviku banka hf. eru því að okkar mati eðlilegt skref í þeirri vegferð. Verkefnið er umfangsmikið en félögin og ráðgjafar vinna að því að meta samlegð af samrunanum og meta stöðu sameinaðs félags á markaði. Á meðan afmarkaður hópur innan bankans sinnir þessu verkefni ásamt



ráðgjöfum leggjum við mikla áherslu á að halda áfram öllum þeim spennandi verkefnum sem við fáum að takast á við með viðskiptavinum okkar.

Afkomuefni

Ítarlegri umfjöllun um rekstrarafkomu 1F23 má finna í **enskri útgáfu** fréttatilkynningar. Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, skal enska útgáfan gilda.

Fyrirvari

Framangreind fréttatilkynning gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissuþáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspegla atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki seinna meir á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.

FJÁRFESTATENGLS

Vefstreymi föstudaginn 5. maí 2023

Íslandsbanki mun halda vefstreymi föstudaginn 5. maí kl. 8.30 fyrir markaðsaðila. Birna Einarsdóttir, bankastjóri og Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri munu kynna afkomu bankans og helstu atriði í rekstri hans á ársfjórðungnum. Fundurinn fer fram á ensku.

Vefstreymið fer fram [á þessari síðu](#). Upptaka af fundinum verður aðgengileg á heimasíðu fjárfestatengsla að honum loknum. Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig [á þessari síðu](#). Þar kemur upp listi yfir innhringingarnúmer og persónulegt PIN-númer. Ef það er ekki til staðarnúmer fyrir landið þitt, eða ef þú vilt fá símtal í stað þess að hringja inn, er hægt að nota „Hringja í mig“ valkostinn. Veldu þá landið þitt, sláðu inn símanúmerið þitt og smelltu á bláa „Call me“ hnappinn til að tengjast.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birta árshluta- og ársuppgjör á neðangreindum dagsetningum:

Árshlutauppgjör 2F23 – 27. júlí 2023

Árshlutauppgjör 3F23 – 26. október 2023

Vinsamlega athugið að dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni mun verða birt á heimasíðu fjárfestatengsla þar sem upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögnul tímabil eru einnig aðgengilegar:

<https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/bankinn/fjarfestatengsl>